Tilm. 18/2019/holdbart D 2019

Fyrra skjalsnúmer	A 1783/hållbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um

eflingu hinna norrænu umhverfisfjármögnunarleiða - Tilmæli 18/2019

Tillaga
Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Að Norðurlandaráð tileinki sér svarið og telji afgreiðslu tilmæla 18/2019 hennar *lokið* af hálfu ráðsins

Bakgrunnur
Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að ráðherranefndin fylgi eftir starfi formennsku Svíþjóðar 2018 varðandi úttekt sem lofað var að framkvæma á umgerð norrænu umhverfisfjármögnunarfélaganna, með NIB, NEFCO og NDF til hliðsjónar

að Norræna ráðherranefndin komi á fót fundarstöðum fyrir loftslagsfjárfesta, bæði úr röðum einkaaðila og hins opinbera, til að hvetja til samstarfs, ræða sameiginlega staðla fyrir loftslagsfjárfestingar og kortleggja þörfina á gögnum fyrir græna fjárfestingarkosti þannig að umhverfis- og loftslagsáhrif fjárfestinganna verði sýnileg

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar
Í formennskuáætlun Svíþjóðar, *Ett inkluderande, innovativt och tryggt Norden*, var eftirfarandi stefna sett fram:

Svíar kanna hvort hægt sé að gera úttekt á því hvernig hámarka megi norrænt fjármögnunarumhverfi í umhverfis- og loftslagsmálum. Markmiðið er að kortleggja fjármögnunarbil og vinna tillögur um hvernig Norræni fjárfestingarbankinn (NIB), Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) og Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) auk þróunarfjármagns frá ríkisaðilum geta brúað bilin, og þá að teknu tilliti til þess að starfsumboð og stjórnun umræddra stofnana eru með ýmsu móti.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar hefur fylgt málinu eftir gagnvart Svíþjóð. Að sögn Svíþjóðar voru möguleikarnir kannaðir á formennskuárinu en því miður reyndist

ekki mögulegt að leggja áherslu á þessa tillögu með tilliti til annarra úttekta sem þörf var á.

Norræn yfirlýsing um kolefnishlutleysi undirstrikar mikilvægi norræns samstarfs þegar kemur að því að styðja við græna fjármögnun og efla norræn fyrirtæki og miðlun tæknilegra lausna sem stuðlað geta að kolefnishlutleysi.

Það var einnig niðurstaða rannsóknar í tímariti okkar, Nordic Economic Policy Review 2019, að ákjósanlegasta leiðin fyrir Norðurlönd að stuðla að bættu loftslagi sé að styðja við rannsóknir og miðlun nýrra, norrænna tæknilausna til landa utan Norðurlanda.

Norrænu fjármálaráðherrarnir eru einnig þátttakendur í hinu nýstofnaða, alþjóðlega verkefni Coalition of Finance Ministers for Climate Action. Innan verkefnisins hafa fjármálaráðherrarnir bundið sig (innan ramma skuldbindinga og regluverka landa sinna) til að vinna samkvæmt sex svokölluðum Helsingforsreglum.

2. Helsingforsreglan leggur áherslu á mikilvægi eftirfarandi: Sharing experience and expertise in order to promote understanding of policies and practices for Climate action.
Til að nýta kraftinn í ofangreindum verkefnum ætlar norræna ráðherranefndin um efnahags- og fjármál, meðal annars ásamt norrænum fjármálastofnununum, að standa fyrir viðburði um efnið í Skotlandi á vormánuðum 2021.

Samkvæmt norrænni samstarfsáætlun um umhverfis- og loftslagsmál 2019–2024 mun norræni umhverfis- og loftslagsgeirinn sömuleiðis styðja við og taka þátt í samráði um þróun fjárfestingalausna í þágu grænna umskipta. Í tengslum við þetta hyggst norræna ráðherranefndin um umhverfis- og loftslagsmál standa fyrir ráðherrafundi um græna fjármögnun. Þangað til hefur sviðið óskað eftir greinargerð, „Nordic study on assessment and reporting of environment and climate-related effects of instruments on financial markets", sem koma á út vorið 2020.

Norræna ráðherranefndin telur því að orðið hafi verið við tilmælunum að hluta.

Norræna ráðherranefndin hefur upplýst Norðurlandaráð um það símleiðis og í tölvupósti að hinn norræni vettvangur fyrir umhverfisfjármögnun á vegum starfshóps ráðherranefndarinnar um loftslag og mengun hyggist halda röð vefþinga og vinnustofa með það fyrir augum að skiptast á reynslu af bestu aðferðum og jafningjafræðslu og muni setja saman viðmiðunarreglur fyrir ríkisstjórnir Norðurlanda við að skapa loftslagsvænt umhverfi fyrir fyrirtæki og fjármálakerfið. Almenna markmiðið er að efla kerfisbundna virkjun einkafjármögnunar á loftslagsaðgerðum og grænum hagvexti. Vettvanginn nota yfir 30 norræn fyrirtæki, fjárfestar og brautryðjendur sem reyna að virkja loftslagsvæna fjármögnun.

Álit nefndarinnar
Nefndinni þykir svar ráðherranefndarinnar áhugavert og telur það koma til móts við tilmæli 18/2018 að hluta. Einkum þykir nefndinni aðild fjármálaráðherranna að „The coalition of financeministers for climate action" afar jákvæð og einnig áformuð eftirfylgni með viðburði í Skotlandi og ráðherrastefnu um græna fjármögnun.

Nefndin undirstrikaði mikilvægi þess að Norðurlönd styðji við rannsóknir og útbreiðslu nýskapandi tæknilegra lausna til annarra hluta heimsins og skráði hjá sér niðurstöðu tímaritsins Nordic Economy Policy Review 2019 þar sem einmitt er bent á að ef vel eigi að vera eigi norrænu löndin að stuðla að bættu loftslagi með því að styðja við rannsóknir og flytja út nýskapandi, norrænar tæknilausnir til landa utan Norðurlanda.

Hvað skýrslunni „Nordic study on assessment and reporting of environment and climate related effects of instruments on financial markets" viðvíkur telur nefndin að hún skipti verulegu máli í þessu sambandi og geti jafnframt myndað brú á milli fjárfesta og umhverfisfjármögnunarfélaga.

Það framtak að halda vefþing og vinnustofur á vegum norræns vettvangs fyrir loftslagsfjármögnun fyrir tilstuðlan starfshóps ráðherranefndarinnar skiptir að mati nefndarinnar miklu máli til að virkja frekari umhverfisfjármögnun, stuðla að samstarfi og ræða sameiginlega staðla fyrir umhverfisfjármögnun. Nefndinni skráir með ánægju hjá sér að verkefnin beinist að breiðum hópi aðila, þar á meðal bæði opinberum fjárfestum og einkafjárfestum.

Með hliðsjón af þessum nýju upplýsingum telur nefndin tilmælin fullafgreidd af hálfu ráðsins og hlakkar til að fá frekari upplýsingar um téð vefþing og vinnustofur.

Norðurlöndum, 15. september 2020

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)
Ingalill Olsen (A)
Janine Alm Ericson (MP)
Karl Kristian Kruse (S)
Ketil Kjenseth (V)
Mette Hjermind Dencker (DF)
Magnus Ek (C)
Sofia Geisler (IA)
Staffan Eklöf (SD)
Thomas Jensen (S)
Åslaug Sem-Jacobsen (Sp)